Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.03 2026

21.08.2019

Bæjarstjóri Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

| Bæjarskrifst. Garðabæjar | |
|---|---|
| Mótt.dags. | 28.08.19 |
| Málalykill | 11.0 |
| Mál nr. | 1906351 |

Ágæti bæjarstjóri

Við íbúar á Strandvegi 9-23 hér í Garðabæ við Arnarvog höfum notið hins mikla fuglalífs hér við voginn allt frá því að Sjálandshverfið reis. Nú ber svo við að varla sést fugl við voginn. Ekki er orsökin augljós. Vera má að minkur hafi átt þar hlut að máli eins og víðar á höfuðborgarsvæðinu. Hitt er dagljóst að ágangur svartbaks hefur stóraukist. Svartbakur leggst mjög á unga æðarfugls hafa nær engir ungar komist á legg í ár. Þá ber að nefna að svartbakurinn er farinn er gera sig ærið heimakominn á svölum hverfisins. Honum fylgir mikið ónæði af gargi og driti. Nokkur dæmi eru ennfremur þess að fuglinn hafi ráðist á fólk á gangstígnum meðfram sjónum.

Af þessum sökum teljum við hið brýnasta mál að sveitarfélagið uppræti svartbakinn í nágrenni okkar.

Fyrir hönd stjórnar húsfélags Strandvegar 9-11:

[signature]

Fyrir hönd stjórnar húsfélags Strandvegar 13-17:

[signature], formaður

Fyrir hönd stjórnar húsfélags Strandvegar 19-21:

[signature] —"—

Fyrir hönd stjórnar húsfélags Strandvegar 23:

ÓLAFUR E. BENEDIKTSSON —"—